



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudagurinn 17. maí 2017



Annar fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 17. maí 2017 kl.12.00

Mættir voru: Guðmundur B. Ólafsson, Davíð B. Gíslason, Guðjón L. Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Jakob Sigurðsson og Karl Daníelsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Þorbergur Aðalsteinsson

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með breytingum.
2. Deildarskipting m. flokks
Róbert kynnti deildarskiptingu m. flokks sem gefin var út 16. maí. Jafnframt kynnti Guðmundur niðurstöðu ágreiningi í milli KA og Akureyrar handboltafélags. Guðmundur og Róbert fóru í gær til Akureyrar til að miðla málum og gengið var frá samkomulagi. Mótanefnd er falið að koma með tillögur um umgjörð í neðri deildum sem og nánara fyrirkomulag á 2. deild.
3. 60. ára afmæli HSÍ
Róbert kynnti stöðu mála. Búið er að bóka Gullhamra fyrir afmælið 16. júní. Róbert kynnti stöðu varðandi veitingar og gestalista. Stjórn vinnur áfram gestalistann og stefnt er að því að senda út boðskort í næstu viku.
4. Skipan fjárhagsnefndar
Fundur verður með fjárhagsnefnd fyrir leik Vals og FH 18. maí. Guðmundur stýrir nefndinni.
5. Lokahóf HSÍ
Lokahóf HSÍ verður miðvikudaginn 24. maí. Róbert kynnti dagskrá hófsins.
6. Önnur mál
 - Handbók um yngri landslið
Landsliðsnefnd kvenna kynnti handbók um yngri landslið. Handbókinni var vísað til landsliðsnefndar karla til umsagnar. Málinu frestað til næsta fundar stjórnar.
 - Evrópukeppni Vals
Guðmundur kynntu stöðu mála varðandi kvörtun Vals og HSÍ vegna leiks Vals og Turda í Áskorendakeppni Evrópu.
 - Yngri landslið
Jakob kynnti umræða sem átti sér stað í landsliðsnefnd karla hvað varðar að leikmenn leiki með fleiri en einu landsliði. Jafnframt kynnti Jakob þá vinnu sem mun eiga sér stað í sumar en öll yngri landslið karla fara á stórmót í sumar.



- **Markvarðarþjálfari**

Jakob kynnti hugmynd af markvarðarþjálfun fyrir yngri landsliði sem og A landsliði. Málinu vísað áfram til afreksstjóra HSÍ til að vinna að undirbúningi og gerð kostnaðaráætlunar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari